

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Laufbrekku Kjalarnesi í byrjun desember 2008.

Athugasemdir vegna frummatsskýrslu umhverfisáhrifa á efnistöku í Hvalfirði.

Eftir að hafa lesið frummatsskýrslu Björgunar ehf sem unnin er af Mannviti ehf verkfræðistofu verð ég að gera athugasemdir við vinnubrögðin sem beitt er við þessa skýrslugerð.

Í mínum huga er það nokkuð ljóst að ekki á að fjalla um þau atriði sem koma illa við umhverfismat, þ.e.a.s. niðurstaðan virðist vera fyrirfram gefin. Ekki fallett en tilfinningin er sú.

Ítrekað hafa verið sendar ábendingar um breytingar á fjörum en ekki á þær minnst með neinu marktæku móti í aðalskýrslunni, einungis er það í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar sem dregið er fram í dagsljósið ransóknir erlendis frá varðandi þá hluti.

Mikið er um endurtekningar í skýrslunni sem lengir lesmál hennar og gerir hana að ómarkvissu plaggi. Plaggi sem er að mínu viti mjög ótrúverðugt einnig í ljósi þess að sérmenntaðir menn eru fengnir til að ritstýra skýrslunni en nýta ekki sína þekkingu að fullu til að koma með réttað upplýsingar og draga ályktanir hlutlaust.

Í skýrslunni kemur fram aðeins hluti sannleikans um leyfi Björgunar til að dæla efni af hafsbotni, þar gleymist alveg að tíunda þann tíma sem Björgun hafði ekkert leyfi en sótti efni samt óhikað. Ekkert leyfi hafði Björgun til þessarar efnistöku af hafsbotni frá 6. júní 2005 til 13 febrúar 2006 og aftur frá 6 júní 2006 til 13 nóvember 2006.

Björgun telur sig hafa verið í ágætu samkomulagi við stjórnvöld. Telst það ágætt samkomulag að fara með ákvörðun stjórnvalda varðandi umhverfismat fyrir dómstóla? Ég tel það einungis vera hroka og á sama tíma stendur á heimasíðu fyrirtækisins að félagið umgengst umhverfi sitt af nærgætni og starfi í sátt við það. Telst þettað nærgætni við umhverfið að ösla svona áfram.

Björgun telur sig vera mikilvægan birgi malar og sands á höfuðborgarsvæðinu. Að malbiks- og steypuefni Björgunar sé samfélaginu mikilvægt. Því er þess þá ekki getið að hið mikilvæga malbiks- og steypuefni hafi verið vottað eins og sandkassasandurinn?

Í skýrslunni er talað um breytingu á efnistökuáðferð með því að beita yfirborðsdælingu. Þettað er ekkert nýtt og í þessu felst ekki breyting. Skip Björgunar hafa dregið rörið á eftir sér um allan Hvalfjörð í allt að 30 ár. Því er ekki hægt að tala um ósnortinn/ósnertann botn í Hvalfirði, sama hvort sýni eru tekin nálægt námum eða í yfir 700 metra fjarlægð, í öllu hefur verið rótað. Allar samanburðarmælingar á lífríki eru því marklausar, það er búið að róta þvílíkt í botni hvalfjarðar með dælingu dæluskipa Björgunar og því er varla nokkur von um að nokkurt óraskað líf finnist þar. Því síður að dýptarmælingar sýni nokkurn sannleika um upprunalegt landslag.

Í skýrslum Björgunar er sagt að Laufagrunnsnáma er um 7 ha en verði í lok tímans þ.e. árið 2018 um 270 ha. Miðað við ferðalag dæluskipa Björgunar síðustu ár við uppdælingu á Laufagrunni og nágrenni þá er það mitt mat að núverandi námustærð er amk þessir 270 ha. ef ekki meira.

Fram kemur að ekki liggi fyrir upplýsingar um efnistöku björgunar fyrir árin 1997 – 2000. Eins er sagt að efnistaka hafi hafist í Laufagrunnsnámu árið 2000, það er rangt, efnistaka úr Laufagrunnsnámu hófst mun fyrr. Sem íbúi á svæðinu veit ég það vel.

Í skýrslunni er sett fram sú fullyrðing að efnisgæði á landi sé oft á tíðum síðri, en ekkert lagt þar fram því til rökstuðnings. Óskast því rökstuðningur fyrir því.

Í kafla 4.3. sem nefnist aðferðafræði er talað um þá reynslu sem Björgun hefur öðlast varðandi uppdælingu á malarefnum af hafsbotni. Eina reynslan sem fyrirtækið hefur öðlast er að dýfa röri í sjó og sigla fram og til baka. Þrátt fyrir gamlar og nýjar ábendingar varðandi breytingar á fjörum og fjörubökkum þá hefur ekki verið gerð ein einasta tilraun til þess í gegnum tíðina að gera sér grein fyrir hugsanlegum áhrifum eða beinum áhrifum af hendi Björgunar eða skýrsluhöfunda. Það litla plagg sem einn skýrsluhöfunda gerði með nokkrum myndum af fjörum við Hvalfjörð getur ekki einusinni talist sem viðleitni. Þar eru teknar myndir ofan af sjávaarbökkum á fáeinum stöðum, ekki af öllu svæðinu. Ekki er leitast við að fá umsagnir og lýsingu á því hverjar breytingarnar hafa verið hjá staðkunnugum. Plaggið segir því ekki neitt.

Í fyrirnefndum kafla um aðferðafræði er þess einnig getið að nota eigi erlendar athuganir, þeirra sakna ég sárlega. Því eru þessar athuganir og reynsla ekki tíunduð nú þegar. Í skýrslu Hafranssóknastofnunar sem kölluð er viðauki 4 er lítillaga rætt um botngerð og breytingar sem verða eftir uppdælingu. Þar kemur fram að námur fyllast aftur á eitthverjum árafjölda og bakkarnir fletjast út. Ekki vildu fulltrúar frummatsskýrslunnar kannast við það á fundi í Félagsgarði í Kjós. Þar var það fullyrt við fundarmenn að bakkar og dýpi námanna yrði óbreytt um aldur og æfi. Því koma svo upplýsingar um erlendar rannsóknir með aðra útskýringu? Þetta er það sem kallað er óvönduð vinnubrögð við skýrslugerðina. Tilvitnanir Hafranssóknastofnunar styðja þær ábendingar sem fram hafa komið frá íbúum, landeigendum og öðrum staðkunnugum um að sandur hefur horfið úr fjörum þar sem dæling malarefna er útifyrir ströndum. Holurnar fyllast aftur og þá af efni úr næsta nágreppi, t.d. úr fjörum. Um þessar staðreyndir vilja skýrsluhöfundar ekki ræða mikið í skýrslunni. Aðeins kemur það fram á bls 51 og er þar vitnað í að Saurbær, Hjarðarnes, Kiðafell og Hálsnes. Allar ábendingar varðandi fjörur Mela hafa farið fram hjá þeim þessum herrum.

Í 5. kafla er fjallað um gruggmyndun og sagt að megnið af grugginu falli niður undir dæluskipinu og í námuna aftur. Þettað getur ekki staðist þar sem gruggflekurinn eltir skipið langleiðina til hafnar. Þ.e.a.s. skolvatnið virðist renna frá borði í töluverðann tíma eftir að lagt er í heimstímið. Gruggmyndunin nær því mjög langt út fyrir námurnar og þau áhrif sem af því gætu verið gætir langleiðina til hafnar.

Í sama kafla er einnig sagt að ef botndýr verða fyrir áhrifum af gruggi frá dæluskipum þá hafi þu áhrif varað svo áratugum skipti og ættu ekki að breyta neinu næstu 10 ár. Með öðrum orðum þá segja þessir menn að þeir eru búnir að vera að eyðileggja síðustu áratugi og þá skiptir það ekki máli þótt þeir haldi því áfram í áratug í viðbót. Einsog segir á heimasíðu Björgunar:

„Björgun ehf. umgengst umhverfi sitt af nærgætni og starfar í sátt við það.“

Áður hef ég skrifað athugasemdir vegna væntanleg umhverfismats í Hvalfirði þar sem ég bendi á að þaragróður er hættur að koma að landi í vestan brimi. Hverjar eru ástæður þess? Getur verið að við gruggmyndun verði of dimmt fyrir þaragróðurinn á hafsbotni til að hann þrífist, og þá um leið er búsvæði t.d. hrognkelsa farin?

Vitnað er í skýrslu Hafransóknarstofnunar (viðauki 4) en í henni segir orðrétt: Ljóst er að sandfjörur og sandbotnar í grunnnum sjó við strendur landsins gegna lykilhlutverki í vexti og viðgangi

flatfiskastofna hér við land. Því er mikilvægt að ganga úr skugga um að efnistaka rýri ekki nálægar sandfjörur áður en farið er í slíkar framkvæmdir.

Þettað er nákvæmlega það sem framkvæmdaaðilinn hefur forðast að ræða og rannsaka, þ.e. fjörunar. Í sömu skýrslu er tafla 1, í hana vantar upplýsingar um námuna á Laufagrunni. Eins vantar alla umfjöllun um hrognkelsi í Hvalfirði. Á árum áður þegar faðir minn stundaði búskap á Melum, þá nytjaði hann sjóinn, og lagði hrognkelsanet utan við Heimasker og milli Heimaskers og Melahólma, fyrir utan Melahólma og einnig inn við Helgusker. Þessar netalagnir eru allar í nálægð við námur Björgunar. Allar upplýsingar vantar um möguleg áhrif efnisvinnslu á hafsbotni á veiðisvæði og búsvæði hrognkelsa. Þettað eru ekki einu dæmin um hrognkelsaveiðar í Hvalfirði og því er það mikil nauðsyn að skoða þennan þátt lífríkis Hvalfjarðar. Eins er það mjög nauðsynilegt að vöktun fari fram á lífríki Hvalfjarðar í tengslum við efnistöku af hafsbotni.

Í viðauka 5, öldufarsrannsóknir Siglingastofnunar er þess getið í inngangi skýrslunnar að Siglingastofnun hafi unnið öldufarsrannsóknir að beiðni Björgunar ehf með áherslu á námusvæði Björgunar. Út frá þessu má skilja að ekki hafi verið gerð öldufarsrannsókn með áherslu á fjörun Hvalfjarðar í tengslum við efnistöku. Einnig er miðað við núverandi ástand en ekki gerð athugun á hverju þettað hefur breytt hingað til til að öðlast reynslu á þessu sviði rannsókna. Eins kemur fram að ölduhraði minnki með minkandi dýpi. Þá má augljóslega gera sér grein fyrir því að þegar dýpi við sjávarbakka eykst um u.þ.b. meter, vegna þess að sandurinn er farinn, verði aldan sterkari en áður.

Ískýrslu Siglingastofnunar er einn kafli sem heitir: **3.2 Tillögur að viðmiðunarmörkum.**

Þar segir: **Ekki hafa fundist í fræðibókum neinar viðmiðanir á því hvað ölduhæð má breytast mikið áður en það fer að valda auknu strandrofi**

Og síðar segir: **Hér eru settar fram tillögur að hæstu æskilegu mörkum fyrir breytingum á ölduálagi og fyrir mismunandi strandgerðir.**

Allar þessar rannsóknir ef svo mætti kalla það sem fram kemur í skýrslu Siglingastofnunar eru þá eftir allt einungis getgátur. Hvernig má það vera að slíkar getgátur verði notaðar við mat á umhverfisáhrifum? Ég mótmæli slíkum vinnubrögðum.

Á bls. 14 í fyrrnefndri skýrslu er tafla 3.3. Í henni er samantekt á eitthverjum getgátum og einnig eru þar getgátur um strandgerð fyrir landi Laufagrunnsnámu. Þessi flokkun er röng.

Í hverjum kafla fyrir sig kemur fram að áhrif vegna uppdælingu malarefna á hafsbotni Hvalfjarðar verði óveruleg, þessu mótmæli ég harðlega og krefst þess að það verði endurmetið af óhlutdrægum aðilum.

Í ljósi þessara athugasemda minna dreg ég í efa heilindi við gerð þessarar skýrslu og þann möguleika á að nota hana til áframhaldandi vinnu við umhverfismat á efnistöku af hafsbotni Hvalfjarðar. Til þess að hægt verði að framkvæma hlutlaust umhverfismat á trúverðugum nótum þarf að hefja þessa vinnu að nýju frá grunni.

Guðni Indriðason

Laufbrekku Kjalarnesi

Nokkrar myndir úr fjörunni á Melum.



Mynd 1

Fyrir miðri mynd eru berar klappir og klapparkollar sem eru u.þ.b. meter á hæð. Þessir klapparkollar voru á kafi í sandi og upp við klettana og rofabörðin sem eru fjærst voru háir grjótbíngir sem vörðu ströndina fyrir sjávarágangi.



Mynd 2

Hér sést klettaveggur sem hefur brotnað niður á síðustu árum um u.þ.b. 8 metra. Sjórinn hefur skolað ofan af klettinum grassverðinum.



Mynd 3

Klappirnarr fyrir miðri mynd voru á kafi í sandi. Rofabörðin hafa verið að myndast og stækka síðasta áratuginn.



Mynd 4

Grassvörðurinn farinn ofan af klettunum. Sjá má orðið mun á stuttum tíma núorðið hvað rofið eykst. Grasið náði fram á klettabrún og hvergi var rof að sjá áður fyrr.



Mynd 5

Rofabakkar komnir langt inní land.